

KIRKJUGARÐARÁÐ

34. fundur haldinn mánudaginn 12. september 2005 á Hótel Búðum á Snæfellsnesi.

Mætt voru: Ragnhildur Benediksdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir. Smári Sigurðsson boðaði forföll.

Auk fundar ráðsins sem haldinn var að Búðum var deginum varið til kynningar á kirkjugörðum á Snæfellsnesi. Farið var frá Biskupsstofu kl. 9.:00 að morgni 12. september og komið að Búðum um hádegið.

Dagskrá fundar að Búðum á Snæfellsnesi:

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:40 og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Samþykkt fundargerðarinnar var frestað til næsta fundar.

2. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs – áritun

Framkvæmdastjóri lagði fram ársreikninga til undirritunar.

3. Greiðsla aksturskostnaðar til presta vegna útfara

Tekin var fyrir tillaga dóms-og kirkjumálaráðuneytis um greiðslu aksturskostnaðar til presta. Kirkjugarðaráð gerði enga athugasemd við skilgreiningu ráðuneytisins um þéttbýli. Formaður mun svara erindinu.

4. Fjárlagafrumvarpið 2006

Uppreiknað reiknilíkan var lagt fram til kynningar.

5. Ákvörðun fundartíma

Ákveðið var að hafa fundi annan mánudag í mánuði kl. 14:00. Fundir verða sem hér segir: 10. okt., 2. nóv., 12. des., 9. jan. og 13. feb. sem verður úthlutunarfundur.

Umsóknir í Kirkjugarðasjóð þurfa að berast fyrir 1. janúar.

6. Önnur mál

- a. Þórsteinn Ragnarsson sagði frá nefndarstarfi varðandi siðareglur fyrir útfararþjónustur. Nefndin hefði haldið þrjá fundi og mundi skila af sér í lok október. Þórsteinn mun leggja fyrir Kirkjugarðaráð tillögur um lagabreytingu í kirkjugarðalögum, svo hægt sé að samræma lög og siðareglurnar.

Fundi slitið kl. 14:30.

Að fundi loknum var farið um nesið og skoðaðar kirkjur og kirkjugarðar, m.a. Ingjaldshóll, Ólafsvík og Grundarfjörður.

Komið til Reykjavíkur um kl. 20:00.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari